Virðing - Vellíðan - Virkni

ÖLDUTÚNSSKÓLI

Berist til fræðsluráðs Hafnarfjarðar

Öldutúnsskóli óskar eftir að gera breytingu á skóladagatali skólans fyrir skólaárið 2019-2020 vegna breyttra aðstæðna í skólanum. Það er tilkomið vegna breytinga á fyrirhugaðri námsferð sem starfsfólk skólans stefnir að. Óskin er þessi:

> Samkvæmt skóladagatali skólans eiga skólaslit að vera mánudaginn 8. júní 2020, sem er skilgreindur skertur skóladagur á skóladagatalinu. Í stað þess er óskað að skólaslitið fari fram eftir kennslu á föstudeginum 5. júní eða eftir kl. 14:00.

Tilefni þessarar breytingartillögu er sú að starfsfólk skólans hyggst fara í námsferð til Berlínar og vegna aðstæðna og skipulags hennar er ljóst að það þarf að hefja þá ferð sunnudaginn 7. júní.

Þessi tillaga að breytingu á skóladagatalinu var rædd í skólaráði skólans þann 29. janúar 2020 og samþykkt þar eins og afrit af fundargerð skólaráðs sýnir sem fylgir þessu erindi.

Með ósk um jákvæð viðbrögð,

Hafnarfirði, 29. janúar 2020

Margrét Sverrisdóttir, skólastjóri Öldutúnsskóla

**Þriðji fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2019 - 2020 haldinn 28.01.2020 klukkan 08:15.**

Fundarstjóri: Margrét Sverrisdóttir, skólastjóri.
Fundaritari: Lena Karen Sveinsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Mættir:
Stjórnendur: Margrét Sverrisdóttir, skólastjóri og Lena Karen Sveinsdóttir, aðstoðarskólastjóri.
Fulltrúar foreldra: Thelma Kristín Þrastardóttir, Snædís Ögn Flosadóttir
Fulltrúar starfsmanna: Sigríður Sigtryggsdóttir, Anna Sigríður Þorsteinsdóttir, Sigurborg Geirdal.
Fulltrú grenndarsamfélagsins: ~~Friðrik Á. Brekkan.~~
Fulltrúar nemenda: Pétur Jónasson og Iðunn Margrét Ólafsdóttir

1. Mat á skólastarfi.
   a. Eineltiskönnun - niðurstöður
2. Breyting á skóladagatali
   a. Kynnt og samþykkt.
3. Skólahúsnæði – Frístund
   a. Umræða um húsnæðismál.
4. Önnur mál.

Lena Karen Sveinsd.